

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 126/2017

2019/EES/40/09

frá 7. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Reglugerð (ESB) nr. 2015/2283 fellir úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 <sup>(2)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(3)</sup> frá og með 1. janúar. Báðar gerðirnar hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum frá 1. janúar 2018.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 123. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/236):  
„124. **32015 R 2283**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 (Stjtið. ESB L 137, 11.12.2015, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 86. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011):  
„– **32015 R 2283**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 137, 11.12.2015, bls. 1).“
3. Texti 96. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97) og 97. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001) fellur brott frá og með 1. janúar 2018.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2283, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 137, 11.12.2015, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 43, 14.2.1997, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 253, 21.9.2001, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.